



ERINDISBRÉF

Ungmennaráðs Sveitarfélagsins Hornafjarðar

Stjórnskipuleg staða

Ungmennaráð Hornafjarðar heyrir undir fræðslu- og tómstundaneftnd. Tómsundaftlltrúi starfar með ráðinu.

Skipan seturréttur á fundum og áheyrnaaðild

Ungmennaráð er skipað fimm fulltrúum á aldrinum 15–24 ára og jafnmörgum til vara. Fræðslu- og tómstundaneftnd skipar í ráðið að fengnum tillögum frá eftirtöldum aðilum:

- Nemendafélag Grunnskóla Hornafjarðar tilnefni einn fulltrúa og einn til vara
- Nemendafélag Framhaldsskólans í Austur Skaftafellssýslu tilnefni einn og einn til vara.
- Umf. Sindri tilnefni einn fulltrúa og einn til vara
- Þrykkjuráð tilnefni einn og einn til vara
- Fræðslu- og tómstundaneftnd tilnefni einn óháðan fulltrúa og einn til vara, skal sá helst vera starfandi á vinnumarkaði.

Ungmennaráð kýs formann, varaformann og ritara á fyrsta fundi sínum. Tilnefning í ráðið gildir frá 1. september ár hvert til eins árs í senn. Fulltrúi Þrykkjunnar og fulltrúi Grunnskóla Hornafjarðar skiptast á um að sitja tvö ár í ráðinu.

Hlutverk og verksvið

Ungmennaráð Hornafjarðar skal gæta þess að leita eftir sem flestum sjónarmiðum ungs fólks í störfum sínum þannig að ályktanir þess og skoðanir endurspegli sem best almennan vilja þess í sveitarfélaginu.

Hlutverk ungmennaráðs er:

- ❖ Að vera fræðslu- og tómstundarneftnd til ráðgjafar um málefni er varða ungt fólk.
- ❖ Að gera tillögur til nefndarinnar um aðgerðir í forvarnarmálum.
- ❖ Að vera til rágjafar varðandi aðstöðu og afþreyingamöguleika ungs fólks.
- ❖ Ungmennaráð fylgist með því að stofnanir sveitarfélagsins vinni með hagsmuni ungs fólks að leiðarljósi.
- ❖ Að þjálfa ungt fólk í sveitafélaginu í lýðræðislegum vinnubrögðum
- ❖ Að hvetja ungt fólk í sveitarfélaginu til lýðræðislegrar þátttöku
- ❖ Að gera tillögur að þátttöku ungs fólks í viðburðum á vegum sveitarfélagsins
- ❖ Að senda fulltrúa á ráðstefnur, þing og fleiri þess háttar viðburði er varða hagsmuni ungs fólks



Starfshættir

Um starfshætti ungmennaráðs fer samkvæmt VI kafla samþykktar um stjórn og fundarsköp Sveitarfélagsins Hornafjarðar.

Ungmennaráð kemur saman á fastákveðnum fundartíma einu sinni í mánuði, með hléum yfir sumarið. Formaður stýrir fundi. Starfsmaður sér um að rita fundargerð og kemur henni til fræðslustjóra sem leggur hana fyrir fræðslu- og tómstundanefnd.

Þá getur ungmennaráð staðið fyrir opnum fundum vegna starfa sinna og þeirra verkefna sem ráðið vinnur að.

Starfsmaður sér um að taka á móti erindum og málum sem leggja á fyrir ráðið. Hann útbýr í samráði við formann rafrænt fundarboð þar sem tilgreindur er fundarstaður og fundartími og dagskrá í tölusettum liðum. Fundarboð skal sent öllum aðalmönnum og varamönnum.

Nefndarmenn skulu fá hæfilega þóknun fyrir störf sín samkvæmt nánari ákvörðun bæjarstjórnar.

Fræðslu- og tómstundanefnd og ungmennaráð skulu halda sameiginlega tvo fundi á ári en oftar ef þurfa þykir. Gert er ráð fyrir að ungmennaráð fund a.m.k. tvisvar á ári með bæjarráði.

Ungmennaráð Hornafjarðar skal eins og kostur er hafa frumkvæði að umfjöllun mála.

Réttindi og skyldur ungmennaráðs

Um réttindi og skyldur ungmennaráðs gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga og samþykktir um stjórn og fundarsköp Sveitarfélagsins Hornafjarðar.

Samþykkt í fræðslu- og tómstundanefnd þann 19. mars 2015

Samþykkt í bæjarstjórn þann. 09. apríl 2015.